

# Fór djúpt í leynda afkima Spotify

● Bók Liz Pelly um streymisveituna Spotify hefur vakið mikla athygli ● Par er sýnt fram á ýmsa vafasama gjörninga til að auka tekjur fyrirtækisins ● Pelly hélt fyrirlestur í tengslum við Airwaves-hátíðina

## VIÐTAL

Höskuldur Daði Magnússon  
hdm@mbl.is



Bandaríska blaðakonan Liz Pelly kom hingað til lands í tengslum við Iceland Airwaves-hátíðina og hélt erindi um bók sína, *Mood Machine: The Rise of Spotify and the Costs of the Perfect Playlist*. Í henni er fjallað um streymisveituna Spotify og ýmsa furðulega afkima starfsemi hennar.

Spotify er með 675 milljónir hlustenda um heim allan og þar er hægt að velja úr 100 milljón lögum, 6,5 milljónum hlaðvarpa og 350 þúsund hljóðbókum. Tekjur streyma inn en listamenn fá aðeins lítinn hluta kókunnar. Í bókinni er svo rakið hvernig Spotify hefur markvisst reynt að tryggja sér stærri og stærri hluta gróðans á kostnað listamanna og útgáfufyrirtækja. Búast má við að sú þróun haldi áfram nú þegar gervigreindin ryður sér sífellt meira til rúms við gerð tónlistar.

Blaðakonan var nýkomin til landsins þegar viðtalið fór fram. Hún og vinir hennar byrjuðu ferðina á heimsókn í Bláa lónið og fyrirhugaðar voru ferðir á helstu ferðamannastaði auk þess að sækja tónleika á Airwaves, kíkja í plötubúðir og á veitingastaði borgarinnar. Pelly hafði á leiðinni í viðtalið rekið augun í Smekkleysubúðina og var fljót að kveikja á að Smekkleysu var getið í tilbúnum prófil eins af gervilistamönnum sem Spotify heldur á lofti. Meira um þá síðar.

## Áratugur með Spotify

Liz Pelly byrjaði að kynna sér Spotify árið 2016 og fyrsta grein hennar kom út árið 2017. Hún segir það afstætt hvenær hún hafi byrjað að vinna að bók sinni. Að sumu leyti byggist bókinn á efni sem hún byrjaði að rannsaka fyrir næstum áratug. Sjálf skrifaði hún þó ekki hafist fyrr en 2022. Erfitt sé hins vegar að svara því af hverju hún hafi farið þessa leið.

„Ég held að það sé til ákveðið svar við því af hverju ég vildi upphaflega skrifa um Spotify en svarið við því hvað hefur haldið áhuga mínum í gegnum árin er hins vegar annað,“



Morgunblaðið/Ólafur Árdal

Íslandsvinur Blaðakonan Liz Pelly var hér á landi á dögnum og hélt erindi í tengslum við Iceland Airwaves.

## BÓK LIZ PELLY HEFUR VAKIÐ MIKLA ATHYGLI

### Eini keppinaturinn er þögnin

Bók Liz Pelly, *Mood Machine: The Rise of Spotify and the Costs of the Perfect Playlist*, kom út snemma á þessu ári og hefur vakið mikla athygli. Í bókinni rekur Pelly sögu Spotify og það hvernig fyrirtækið, samhlíða fjölgun áskrifenda á síðasta áratug, greindi hvernig hlustendur notuðu veituna. Stjórnendur sáu að aðeins lítil hluti þeirra „hlustaði“ á tónlistina, meirihlutinn



notaði tónlist aðeins sem einhvers konar veggfóður í tilveru sína. Hjálpartæki til að skapa réttu stemninguna, rétt eins og ilmkerfi eða lýsing. Þetta markaði að sögn Pelly vatnaskil hjá Spotify. Stofnandi Daniel Ek mun hafa sagt opinberlega að engu skipti hvort hlustendur gæfu sig að tónlistinni, hið mikilvægasta væri að hún væri þarna í bakgrunni. Eini keppinatur Spotify væri þögnin.

segir hún og rekur að árið 2016 hafi umræðan snúist mikið um hversu lítið listamenn fengu greitt frá streymisveitum. Sú umræða sé enn í gangi og ráði miklu um það hversu sterkar skoðanir fólk hefur á streymisveitum.

Í hennar augum vantaði líka umræðu um áhrif streymis á hlustendur. „Þannig að í fyrstu rannsókn minni spurði ég hvað mætti fólki þegar það opnaði Spotify-appið og af hverju. Hvaða viðskiptahagsmunir mótuðu það sem það horfði á? Ég taldi að stóru plötufyrirtækin hlutu að hafa áhrif á hvað væri á forsiðu appsins,“ segir hún en í fyrstu grein sinni reyndi Liz að varpa ljósi á þetta með viðtölum við fólk í tónlistarbransanum.

## Fann að skrifa skiptu máli

Þarna var teningunum kastað. Viðbrögðin við skrifunum voru hvatning fyrir Pelly. Hún segir að þegar hún byrjaði að skrifa um streymisveitur hafi tónlistarmenn verið hræddir við að tala opinberlega um reynslu sína því þeir hafi óttast viðbrögðin. Það að komast á vinsæla spilunarlista gat enda haft mjög jákvæð áhrif á feril þeirra og því vildu menn ekki rugla bátinum. Af þeim sökum hafi fólk í tónlistarbransanum tekið því vel þegar gagnrýnin umfjöllun fór að birtast þar sem varpað var ljósi á hversu skarðan hlut listamenn báru frá borði. „Ætli það megi ekki segja að ég hafi fundið að þetta skipti máli. Eftir því sem árin hafa liðið hafa fleiri og fleiri tónlistarmenn talað opinberlega um streymisveitur og óháðir listamenn virtust átta sig á því að það væri mikilvægara að hafa eina sterka rödd um þessi mál en að þiggja þær örfáu krónur sem það myndi skila að komast á „indie-chill-kaffihúsa-playlista“. Og þetta hvatti mig til að halda áfram að skrifa um þessi mál.“

## Hefur viðgengist lengi

Það kom mörgum á óvart þegar greint var frá efni bókar hennar fyrr á árinu að forsvarsmenn Spotify hefðu markvisst vélað um framsetningu efnis á veitunni, látið framleiða tónlist og haft hana í öndvegi til að geta hirt rétt-hafagreislurnar. Pelly segir að fyrir sér hafi þetta reyndar verið gömul tíðindi þegar hún hóf vinnu við bókina. Í bransablöðum tónlistarheimsins hafi þetta verið til umfjöllunar síðasta áratuginn eða svo.

„Að Spotify væri að fylla vinsælustu lagalistana sína með „gervilistamönnum“. Þannig talaði fólk í bransanum og á samfélagsmiðlum um þessa dularfullu listamenn sem voru með milljónir spilana og hundruð þúsunda fylgjenda en ekki var hægt að finna neinar upplýsingar um þá. Það virtist augljóst

## Hver er hún?

» Liz Pelly er blaðakona sem búsett er í New York. Hún hefur skrifað fyrir stóra miðla á borð við Rolling Stone, Pitchfork, Guardian, NPR og Financial Times.

» Bók hennar um Spotify kom út í byrjun árs og hefur vakið mikla athygli.

» Hún byrjaði nýverið með hlaðvarpið Critical Listening við annan mann þar sem fjallað er um fréttir úr tónlistarbransanum, strauma og stefnur og rætt við fólk úr bransanum.

» Pelly var mjög áhugasöm um íslenskar plötubúðir. Það gladdi hana mjög að heyra að í húsi Kaffibrennslunnar, þar sem viðtalið fór fram, hefði áður verið rekin plötubúðin Hljómalið og að eigandinn hefði búið á efri hæðinni.

að það væri einhvers konar tenging milli sænskra tónlistarframleiðslufyrirtækja og streymisveitna, ekki bara Spotify heldur annarra líka.“

## Gervigreindin tekur við

Pelly fór til Svíþjóðar við vinnslu bókarinnar og ræddi við blaðamenn sem höfðu fjallað um þetta. Þegar hún hafði áttað sig á umfangi þessarar vafasömu starfsemi nefndi hún umrædda listamenn „drauga“. Á þessum tíma voru sannarlega listamenn sem gerðu tónlistina, fólk sem ráðið var í verkefni fyrir ákveðna þóknun en afsalaði sér höfundarréttinum. Pelly leggur á það áherslu að við rannsóknir sínar hafi hún ekki fundið nein dæmi um að Spotify hefði látið framleiða tónlist með gervigreind. Skjótt skipast hins vegar veður í lofti og á þeim örfáu mánuðum síðan bókinn kom út eru líkur á að það sé að breytast.

Hún segir að síðustu vikur og mánuði hafi öll stóru plötufyrirtæk-in samið við fjölda tæknifyrirtækja um leyfisskyldar vörur gerðar með skapandi gervigreind. Og fyrir aðeins nokkrum vikum tilkynnti Spotify að fyrirtækið væri í viðræðum við nokkur af stóru útgáfufyrirtækjunum um innra töl með skapandi gervigreind í sinni eigin vöru. „Ég held að það þurfi að fylgjast vandlega með þessu. Fyrir nokkrum vikum birtist viðtal við yfirmann hjá Spotify í Billboard þar sem hann var spurður hvort gervigreindartónlist gæti endað á spilunarlistum sem Spotify stýrir sjálft. Hann tók alls ekki fyrir það.“

Hún segir að þær breytingar sem nú séu að verða á umhverfi streymisveitna geti haft miklar afleiðingar. Forvitnilegt sé að velja því fyrir sér valdajafnvægi á þessum markaði. „Ráða tæknifyrirtækin eða plötufyrirtækin? Ég held ekki að til sé neitt einfalt svar við því.“

## Líkindi Netflix og Spotify

Pelly skrifaði nýlega grein í Financial Times um Spotify. Þar velti hún fyrir sér nýlegum samningi fyrirtækisins við Netflix. Hann felur í sér að hluti af myndbanda-hlaðvörpum sem framleidd eru af Spotify verði aðgengilegur á Netflix. „Og ég fór bara að velja fyrir mér líkindum þessara tveggja fyrirtækja,“ segir hún. Daniel Ek, stofnandi Spotify, mun hafa sagt opinberlega að engu skipti hvort hlustendur gæfu sig að tónlistinni, hið mikilvægasta væri að hún væri þarna í bakgrunni. Eini keppinatur Spotify væri þögnin. Pelly rifjar upp að svipuð ummæli voru höfð eftir einum af yfirmönnum Netflix fyrir nokkrum árum. Sá sagði að eina samkeppni Netflix væri svefn áskrifendanna.

**ÓMISSANDI Á VEISLUBORÐIÐ**

TILVALIÐ FYRIR MÖNDLUGJÖF

**Kjörís**